

Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 2. tbl. mars 2009

Félagsfundur verður haldinn í Tannlæknafélagi Íslands í félagsheimilinu að Síðumúla 35, fimmtudaginn 19. mars 2009 og hefst kl. 18.00 á fyrirlestri **Magnúsar F. Ragnarssonar** tannholssérfræðings.

Er munur á tannlæknum á Íslandi og í Svíþjóð?

Í febrúar 2008 voru sendir út spurningalistar til starfandi almennra tannlækna á Ísland og svæðinu(sýslan) FyrBoDal í Svíþjóð til að rannsaka aðferðir og viðhorf tannlæknanna til nokkurra atriða við tannholtsmeðferð. Magnús mun kynna og ræða helstu niðurstöður úr þessari rannsókn.

Kvöldverður að hætti Eldhúss Sælkerans og eru kokkarnir í alltaf í stuði.

Munið að skrá ykkur í matinn til að áætla veisluföng.
Skráning í matinn á tanni@tanni.is eða í síma 575 0500

Dagskrá félagsfundar hefst að snæðingi loknum um kl. 20.00 með hefðbundinni dagskrá.

Félagsmál
Önnur mál

Nýr formaður hjá FTAT

Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna hefur opnað skrifstofu að Háaleitisbraut 58, 108 Reykjavík. Skrifstofan er opin alla virka daga frá 10:00 – 14.00, símanúmer 571-0585.

Starfsmaður á skrifstofu er:
Kristín Hraundal.
Formaður félagsins er Inger Steinsson
Varaformaður Erla Guðjónsdóttir
Ritari Guðrún Karlsdóttir
Meðstjórnendur Hildur Backmann og Kristín Ragnarsdóttir.

Markmið nýrrar stjórnar er að gera félagið sýnilegra og opnara bæði fyrir hinn almenna félagsmann og þá sem eru utan þess.
Að hafa metnaðarfulla fæðslu á ári hverju.
Að virkja meira félagskonur til starfa

Samkomulag Tannlæknafélags Íslands og Félags tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna um breytingu á kjarasamningi

Í samræmi við samkomulag Samtaka atvinnulífsins (SA) og Alþýðusambands Ísland (ASÍ) hafa samninganefndir TFÍ og FTAT komist að eftirfarandi samkomulagi:
Endurskoðunar- og framlengingarákvæði samningsins frestast um 4 mánuði og skal vera lokið eigi síðar en fyrir lok júní 2009. Takist samkomulag um framlengingu, skal samhliða liggja fyrir ákvörðun um tímasetningu umsaminna launabreytinga.

Því frestast launabreytingar sem taka áttu gildi 1. mars 2009 samkvæmt fyrri samningi, þar til slíkt samkomulag um framlengingu liggur fyrir. Að öðru leyti er samningurinn í fullu gildi.


Reykjavík 5. mars, 2009

Hækkun á rekstarkostnaði.

Það má segja að verið sé að æra óstöðugan með því að tala um hækkun á aðföngum. Við höfum öll upplifað hækkunir á nauðsynjum í daglegum innkaupum til heimilisins og kannski vakið okkur til umhugsunar um verðlag. Sama má með sanni segja um rekstur okkar ágætu tannlæknastofa sem í minni trú eru almennt reknar á eins hagkvæman hátt og kostur er. Miklu skiptir að við séum vakandi yfir rekstarkostnaði og meðvituð um hvað hlutirnir kosta sem við notum á hverjum degi því afgangurinn af rekstrinum er það sem að endingu kemur í okkar vasa. Undirritaður hefur reynt að fylgjast með verði á rekstarvörum og hvet ég tannlækna til að gera slíkt hið sama til að auka tilfinnu fyrir rekstrinum og veita það að sama skapi aðhald fyrir heildsala með tannlæknavörum. Rétt er að taka fram að ég hef almennt verið mjög ánægður með þær heildsölur sem ég hef skipt við og fengið persónulega og skjóta þjónustu.

Í byrjun árs 2006 tók ég saman lista yfir allar vörur sem voru keyptar á stofunni og færði inn bæði vörunúmer og verð. Nú eftir að bankarnir fóru á höfuðið og krónan féll urðu gríðarlegar hækkunir á öllum vörum og má hreinlega segja að algjör óvissa hafi verið með rekstarafkomu tannlæknastofa þessa síðustu mánuði.

Til að fá einhvern mælikvarða á þróunina ákvað ég að bera saman nýjustu innkaup ársins 2009 við byrjun árs 2006 og sjá hvað hafi breyst á þessu tímabili. Að sama skapi datt mér í hug að skoða gengi dollars og evru yfir sama tímabil og athuga hvort einhver fylgni væri þarna á milli. Ekki get ég borið verð og gengi nákvæmlega saman upp á dag því sumar vörur voru keyptar á einhverra daga eða vikna millibili. Allar vörur voru með sömu vörunúmerum frá heildsölum og því um sömu vöru að ræða.



	mar.06	mar.07	mar.08	mar.09	hækkun 2006 - 2009
Evra	77,25	87,64	99,8	143,19	85,36%
Dollari	64,71	66,27	65,63	112,96	74,56%

Heiti á vöru	Verð mars 2006	Verð mars 2009		hækkun %
Abutment	15.625 kr.	21.527 kr.		37,77%
Alginate	1.064 kr.	1.892 kr.		77,82%
Bakkaservéttur SDI	1.519 kr.	3.495 kr.		130,09%
Bitpappír	909 kr.	1.681 kr.		84,93%
Bláar servéttur 500stk	3.311 kr.	6.949 kr.		109,88%
Citanest Dent.	4.170 kr.	8.024 kr.		92,42%
Etch 30 ml	5.553 kr.	9.762 kr.		75,80%
Filtek Z-250	6.358 kr.	11.092 kr.		74,46%
Flúorlakk	10.800 kr.	24.180 kr.		123,89%
Fuji II LC A2 capsulur	13.826 kr.	22.980 kr.		66,21%
Fuji Plus	11.727 kr.	24.962 kr.		112,86%
Hanskar latex	477 kr.	994 kr.		108,39%
Hanskar vinyl	398 kr.	931 kr.		133,92%
Hextril Munnskol	440 kr.	799 kr.		81,59%
Hnífsblöð kírugisk nr.15	479 kr.	1.106 kr.		130,90%
Hrærslublokk dycal 12/pk	3.710 kr.	5.227 kr.		40,89%
Kodak Insight Ip-01 barna	4.050 kr.	8.780 kr.		116,79%
Plastglös blá 1000 í pakka	2.667 kr.	7.193 kr.		169,70%
Prophypaste RDA 170 grænn	971 kr.	1.955 kr.		101,34%
Saumur Vicryl rapide 4/0 19MM P	6.099 kr.	11.344 kr.		86,00%
Sóttþreinsunarklútar	971 kr.	1.693 kr.		74,36%
Speglar Front surf #4	2.103 kr.	3.836 kr.		82,41%
Super Snap mandrels RA	1.511 kr.	3.025 kr.		100,20%
Super snaps grænar litlar	1.225 kr.	2.179 kr.		77,88%
Tannplanti	25.524 kr.	41.593 kr.		62,96%
Ultra Cal XS refill	2.527 kr.	5.318 kr.		110,45%
Vattrúllur	1.096 kr.	1.855 kr.		69,25%
Xantopren VL plus	2.600 kr.	4.442 kr.		70,85%
Xylocain adrenalin	4.457 kr.	10.121 kr.		127,08%
	136.167 kr.	248.935 kr.		82,82%

Af þessu má sjá að þessi karfa af vörum hefur hækkað um 83%. Gengi evru hefur hækkað um 85% og dollars um 75% á sama tíma. Einverjar vörur hafa hækkað umfram það sem hægt er að skýra með breytingu á gengi og vaknar sú spurning hvort þær vörur sem minnst hafi hækkað séu hluti af gömlum lager og komi til með að hækka á næstu vikum. Mikilvægt er því fyrir okkur að fylgjast með þessu á næstu mánuðum.

Annars er erfitt að draga einhverjar algildar niðurstöður úr þessu en ljóst er að rekstarkostnaður tannlæknastofu hefur hækkað gríðarlega á þessu tímabili.

Sigurður Benediktsson

GJÖF TIL FÉLAGSINS

Okkar ágæti félagi Hörður Sævaldsson lést 6. maí 2007, langt fyrir aldur fram. Börn Harðar komu að máli við Tannlæknafélag Íslands í þeim tilgangi að færa félaginu gjöf í minningu föður síns. Það var auðsótt mál enda Hörður einn af okkar kærustu félögum og hafði unnið mikið og gott starf fyrir okkar litla félag.

Þann 12. febrúar sl. var síðan haldinn sérstakur félagsfundur Herði til heiðurs. Sjö af átta börnum Harðar voru mætt og í upphafi tók formaður félagsins Ingibjörg S. Benediktsdóttir við listaverki eftir Tryggva Ólafsson og minningarskildi um Hörð. Listaverkið heitir Flug og hefur þegar verið hengt upp í félagsheimilinu.

Að afhendingu lokinni var haldinn minningar-fyrirlestur um eitt að aðaláhugamálum Harðar en hann var mikill listunnandi. Það var forvörðurinn Viktor Smári Sæmundsson sem hélt erindi um listaverkafölsunarmálið stóra og hét fyrirlesturinn „Kötturinn í seknum“. Tannlæknafélag Íslands þakkar fjölskyldu Harðar fyrir myndverkið og ánægjulega kvöldstund. Minning Harðar Sævaldssonar verður ávallt í heiðri höfð hjá Tannlæknafélaginu.

Börn Harðar talið frá vinstri:
Hildur, Friðrika, Helga, Hjördís, Ragnheiður, Hörður og Sigríður,



PLÚSAR OG MÍNUSAR.

Eins og flestum tannlæknum er kunnugt réðst ungur maður í það á dögum að flokka alla tannlækna eftir póstnúmerum og síðan gátu gestir og gangandi sent inn umsögn um þá tannlækna sem þeir höfðu verið hjá. Síðan átti að velja besta og versta tannlækni landsins. Var unnt að setja þarna inn mjög svo lofsamleg en einnig ákaflega meiðandi ummæli um alla tannlækna og það án þess að gefa upp nafn eða kennitölu.

Er óhætt að segja að okkur brá heldur betur í brún þegar farið var að lesa það sem skrifað hafði verið um félag okkar. Formaður félagsins setti sig í samband við Landlækni sem í fljótu bragði sagði að þetta virtist ekki vera ólöglegt en lögfræðingi embættisins var falið að athuga málið frekar. Einnig var haft samband við lögfræðing félagsins Hjördísi E. Harðardóttur sem vildi meina að um meiðyrðamál væri að ræða og að ábyrgðarmaður síðunnar væri ábyrgur fyrir þeim orðum sem þar stæðu, þótt hann hafi ekki skrifað þau. Var ákveðið að Hjördís skrifaði viðkomandi manni bréf þar sem hún vakti athygli á þessu. Lögin eru hins vegar alveg skýr að félag eins og Tannlæknafélag Íslands getur ekki farið í meiðyrðamál sem félag heldur verða einstaklingar sem verða fyrir meiðandi ummælum að fara í einkamál.

Svo virðist samt sem þetta mál sé leyst og það á mjög fallegan hátt. Nú þegar þetta er skrifað er búið að „loka“ síðunni en fram á það fór Tómas Á. Einarsson, sem var kosinn „Besti tannlæknir Íslands“ af þeim sem skrifuðu á síðuna. Það segir mikið um öðlinginn Tómas að hann kærði sig ekki um að skrifað væri meiðandi um félag sína og hafði frumkvæði að því að ábyrgðarmaður síðunnar lokaði fyrir frekari nafnlaus skrif, hvort sem þau væru hól eða last. Er þetta frumkvæði Tómasar til mikils sóma og þakkar Tannlæknafélag Íslands honum kærlega fyrir.

Lögfræðingur félagsins mun samt sem áður skrifa viðkomandi bréf þar sem hann er beðinn um að loka síðunni alveg. Það er alveg ófært að fólk geti í skjóli nafnleyndar vegið að starfsheiðri og virðingu tannlækna eða fólks yfirleitt.

Ingibjörg S Benediktsdóttir, formaður

Á DÖFINNI

Í apríl hefur verið ákveðið að hafa skemmtifund með mökum. Fundurinn verður haldinn 30. apríl og verður fyrirlesari hinn kunnir Borgfirðingur Gísli Einarsson dagskrágerðarmaður hjá RÚV.

Fundurinn verður auglýstur síðar.